

## Viðbótarkönnun á fornleifum vegna fyrirhugaðra ganga milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar



Margrét Hallmundsdóttir

Júní 2009  
NV nr. 2-09

## Inngangur

Áætlað er að leggja jarðgöng milli Dýrafjarðar og Arnafjarðar og tók Náttúrustofa Vestfjarða að sér að kanna fornleifar á fyrirhuguðu vegstæði fyrir Vegagerðina. Skráningin fór fram á haustmánuðum 2007 og voru svæðin beggja vegna gangamunnana könnuð (Margrét Hallmundsdóttir, *et al.* 2008).

Vegagerðin óskaði þess á vormánuðum 2009 að svæði norðan Mjólkárveikjunnar í Arnarfirði yrði kannað til viðbótar og fór sú könnun fram í maí 2009. Gengið var allt vegstæðið og kannað var svæði 300 metra í báðar áttir frá miðlínu vegar. Allar minjar voru staðsettar með gps hnitum, ljósmyndaðar og skráðar (sjá kort 1 í viðhengi).

### Borg ÍS-181571-8:015

**Hlutverk** Lending

**Tegund** Lending

**Staðsetning** E 308132 N 591899

**Staðhættir**

Við ströndina um 80 metra norður af núverandi vegstæði er landing. Landingin snýr nokkurn vegin í norður.

**Minjalýsing**

Greinilegt er að grjóti hefur verið rutt frá til að auðvelda aðkomu að ströndinni. Svæðið sem myndar landinguna er um 5 metrar á breidd.



Mynd 1 Landingin, myndin er tekin í norður

### Borg ÍS-181571-8:016

**Hlutverk** Naust

**Tegund** Tóft

**Staðsetning** E 308162 N 591935

**Staðhættir**

Í fjörunni um 10 metra suður frá landinguni[181571-8:016] og 70 norður af núverandi vegstæði.

**Minjalýsing**

Naustið er niðurgrafið og er stórt grjót við austurhlið þess en ekki nein merki um hlaðna vegg. Það er 2 metrar á breidd og 3 metrar á lengd. Naustið snýr í norður/suður og opið í norður.



Mynd 2 Naust þar sem bátur hefur verið geymdur, myndin er tekin í suður

**Borg ÍS-181571-8:017****Hlutverk** Byrgi**Tegund** Rúst**Staðsetning:**E 308410 N 592077**Staðhættir**

140 metra frá norður af núverandi vegstæði og 80 metra frá lítilli bryggju eru leifar af rúst sem er grjóthlaðin.

**Minjalýsing**

Rústin er byggð upp við stóran stein sem er um 3,2 metrar á hæð. Norðurhlið steinsins er tiltölulega slétt og snýr hún inn í rústina. Rústin er með dyr í norður og er innanmál hennar 3 metrar á breidd og 2,5 metrar á lengd. Rústin sjálf er hlaðin úr fjörugrjóti og er hleðslan hæst um 1 meter og breidd veggja er 1-1/2 metri Heimildarmaður sem rætt var við kallaði rústina byrgi en ekki er auðvelt að gera sér grein fyrir hvaða tilgang þetta hús hefur haft. Hugsanlega er hér um að ræða fjárbyrgi.



Mynd 3 Rústin sem byggð er við stóran stein, myndin er tekin í suður

**Niðurstöður**

Við vettvangsrannsókn fundust þrjár minjar, lending, naust fyrir bát og rúst. Allar lenda þær innan 100 metra frá veglínu og naustið lendir í veglínunni.

Lendingin mun ekki skemmast við framkvæmdir, Naustið er ekki bygging heldur aðeins niðurgroftur þar sem bátur hefur greinilega verið dreginn upp og geymdur.

Rústin af byrginu er byggð úr hlöðnu grjóti og þó hún lendi ekki í vegstæðinu gæti hún orðið fyrir áhrifum vegaf framkvæmda. Rústin er um 50 m frá veglínu.

**Heimildaskrá**

Margrét Hallmundsdóttir, Caroline Paulsen, *Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðra ganga milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar*, NV nr. 07-08, Náttúrustofa Vestfjarða, 2008.

